

Áfangalýsing í Matarsögu

Nafn áfanga: Matur og menning, 14 þættir út matarsögu heimsins.

Titill áfanga: SAGACM05

Lýsing á efni áfangans: Viðfangsefni áfangans er matur og hvernig hann hefur haft áhrif á heimssöguna allt frá fornöld til nútímans. Fjallað verður um þau umskipti sem verða í mataræði með landbúnaðarbyltingunni, landafundunum og hnattvæðingu nútímans og rakin sú þróun sem verður í ræktun, framboði á mat, matreiðslu, mataræði, uppskriftum og umfjöllun um mat. Við skoðum hefðir, tækni, áhöld og aðferðir sem tengjast mat og drykk á öllum tímaskeiðum og í öllum heimshornum og á Íslandi. Áhersla er lögð á breytingar og samfellur, útbreiðslu og upplifun en nemendur sjálfir velja líka hluta af efninu. Í hverri viku verður einn þáttur eða þema tekið til umfjöllunar. Áfanginn er símatsáfangi.

Forkröfur: 10 einingar í sögu.

Þekkingarviðmið:

Nemandinn skal öðlast þekkingu og skilning á:

- áhrifum kynhlutverka, trúar og stéttskiptingar á matarmenningu
- helstu matarsvæðum heimsins
- hvernig og hvers vegna matarmenning hefur breyst
- mat sem endurspeglun sjálfsmyndar og samfélags
- áhrifum matar á þróun og atburði sögunnar

Leikniviðmið:

Nemandinn skal öðlast leikni í að

- velja milli aðferða við lausn verkefna
- greina fjölbreytt orsakasamhengi
- beita öguðum vinnubrögðum
- vinna skapandi rannsóknarvinnu
- skila frá sér fræðilegri umfjöllun
- vinna að verkefnum með samnemendum

Hæfniviðmið:

Nemandinn skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta áhrif matarmenningar á samfélag sitt og sjálfsmynd
- meta áhrif umhverfis á matarmenningu
- setja fram nákvæmar röksemdir fyrir skoðunum sínum um mat
- lesa heimildir um mat á gagnrýninn hátt
- beita skapandi og lausnarmiðaðri hugsun í námi
- vera betur búinn til að hefja háskólanám í hugvísindum

Námsmat:

Símat

